Uppbyggingar þörf til að sporna við fólksflótta og koma í veg fyrir hnignun gamla bæjarins

þessum hverfum á ekki að hnigna mjög verulega frá því sem nú er, einkum með tilliti til þess að bygging nýs miðbæjar er nú hafin, auk fyrirhugaðra miðbæjarkjarna í aðliggjandi sveitarfélögum.

Nauðsynlegt er einnig að sporna gegn fólksflótta úr miðborginni og auka þarf á fjölbreytta miðbæjarstarfsemi.

Þá segir síðar í samþykkt skipulagsnefndar:

„Til þess að ná settu markmiði, álítur skipulagsnefnd að hefja verði uppbyggingu í miðbænum, þar sem þó er á það lögð megináherzla að viðhalda umhverfisáhrifum og svipmóti gamla bæjarins. Telur skipulagsnefnd að borgaryfirvöld ættu að stuðla að því að uppbygging fari fram undir ströngu aðhaldi á takmörkuðum svæðum út næsta skipulagstímabil og leggur því til, að miðborginni verði skipt niður í 3 megin svæði. Á þeim hluta miðborgarinnar, sem fellur utan þessara svæða er gert ráð fyrir að uppbygging fari fram á venjulegan hátt þ.e. samkvæmt reglum um landnotkun, nýtingu og hámarkshæðir bygginga.

1. Framkvæmdasvæði

Hér er um að ræða svæði, þar sem lagt er til að verulegar framkvæmdir og uppbygging eigi sér stað á skipulagstímabilinu. Á þessum svæðum er rétt að borgaryfirvöld eigi frumkvæði að sameiningu lóða, deiliskipulagi og framkvæmdaáætlunum í samráði við eigendur viðkomandi fasteigna. Hér er lögð áherzla á það, að byggð verði blönduð og að inn á svæðin komi verulegt magn íbúðarhúsnæðis.

2. Endurnýjunarsvæði

Þetta eru svæði, þar sem meginhluti bygginga hefur áþekkt svipmót og notkun og þar sem talið er æskilegt að verulegar endurbætur á núverandi mannvirkjum og umhverfi eigi sér stað á skipulagstímabilinu. Á þessum svæðum er nauðsynl. að borgaryfirvöld stuðli sérstaklega að uppbyggingu með aðgerðum til bætts umhverfis svo sem endurbótum á gangstígum og lýsingu. Þar sem ekki er talið raunhæft að endurnýja byggingar á þessum svæðum.

3. Verndunarsvæði

Þessi svæði eru talin hafa byggingarlistrænt, sögulegt eða almennt gildi, og æskilegt sé að veita þeim sérstaka vernd. Á þessum svæðum er lagt til, að gert sé að skyldu að viðhalda mannvirkjum í sem upprunalegustu mynd, en umhverfi bygginga endurbætt og mótað með tilliti til þessara mannvirkja. Breytingar á landnotkun og mannvirkjum séu takmarkaðar þannig, að þær samræmist verndunarsjónarmiðum á viðkomandi svæði, enda séu slíkar breytingar jafnframt háðar samþykki borgaryfirvalda.

GRJÓTAÞORP LOKKI MEÐ HLÝLEIKA

Sem fyrr er sagt gerði Skipulagsnefnd sérstaka bókun um Grjótaþorp, sem hér fer á eftir:

Grjótaþorp fellur undir skilgreiningu um endurnýjunarsvæði og er því talið æskilegt að verulegar umbætur á núverandi mannvirkjum og umhverfi eigi sér stað á skipulagstímabilinu. Er stefnt að því að skapa hlýlegt hverfi með blandaðri, en um leið samstæðri byggð íbúða, verzlana, skrifstofa, þjónustufyrirtækja og létts iðnaðar (handverks).


Þar sem Grjótaþorp er í hjarta gamla miðbæjarins, en langt frá því að vera í miðjum bænum hvað snertir vegalengd til helztu íbúðahverfa, má gera ráð fyrir, að verzlanir og þjónusta verði með mjög sérstæðu sniði. Í stað þess að lokka með þægilegum bílastæðum og rúmgóðum húsakynnum, lokkar Grjótaþorp með vöruúrvali og hlýleika („intimiteti"). Vísir að slíkri þjónustu er þegar fyrir hendi í hverfinu.

Skipulagsnefnd gerir ráð fyrir því að einstök hús í hverfinu falli undir hugtakið verndun mannvirkja, en tekur á þessu stigi ekki afstöðu til þess, um hvaða mannvirki yrði að ræða. Nefndin gerir sér einnig ljóst, að til þess að fá samstæða byggð í Grjótaþorpi, þarf þar að eiga sér stað veruleg uppbygging. Skipulagsnefnd samþykkir því eftirfarandi:

Nýting í Grjótaþorpi verði 1.5. Einnig getur nýting íbúðabygginga hækkað um allt að 0.5 ef um er að ræða þingl. kvöð um þá notkun.

Gatnakerfi í Grjótaþorpi verði óbreytt í meginatriðum. Byggð verði þétt og lág (1—4 hæðir). Þök verði

Framhald á bls. 29



Gert er ráð fyrir að umhverfi bifreiðastæða verði alls staðar bætt í gamla bænum, og að bifreiðastæðum verði komið fyrir á ýmsum stöðum niður við Skúlagötu. Á kortinu eru bílastæðin dökk á lit. Reiknað er með að sum þeirra verði grafin niður.

Blaðinu hefur borizt eftirfarandi frá Röntgentæknafélagi Íslands:

Aðgerðir Röntgentæknafélagsins

Vegna fyrirspurna sem fram hafa komið um aðgerðir félagsmanna Röntgentæknafélagsins vill félagið taka fram eftirfarandi. Við hörmum þetta ástand, sem skapast hefur vegna óbilgirni og óraunsæi vösemjenda okkar. Undanfarin ár hafa viðsemjendur okkar ítrekað brotið gerða samninga og ekki fengist til að leiðrétta, þrátt fyrir margar vinsamlegar ábendingar og tilmæli frá röntgentæknum, starfsmannafélagi ríkisstofnana og starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar.

Árið 1974 var gerður kjarasamningur fyrir röntgentækna af starfsmannafélagi ríkisstofnana við fjármálaráðherra þar sem gert var ráð fyrir að þeir fengju laun skv. 19. lfl. (B 10 í dag). Þessi samningur hefur aldrei verið virtur, allar götur síðan höfum við fengið laun skv. 18. lfl. og ekki fengið nein vilyrði um leiðréttingu. Í umræddum samningum 1974 gerðist það að röntgentæknar voru settir bæði í 18. og 19. lfl. Skv. hefð sem gilt hefur hjá ríkinu þegar slík slys verða er ávallt greitt skv. þeim launaflokki sem hærri er sé munurinn ekki því meiri.

Röntgenhjúkrunarfræðingar hjá ríkinu hafa samningsbundið 16 daga vetrarfrí, röntgentæknar hjá ríkinu hafa haft samsvarandi vetrarfrí undanfarin ár byggt á hefð. Nú í haust var tilkynnt að röntgentæknum hjá ríkinu yrðu ekki veitt vetrarfrí oftar því engir skriflegir samningar lægju fyrir um þau mál. Röntgentæknar og röntgenhjúkrunarfræðingar hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögunum hafa samningsbundið 16 daga vetrarfrí. Er hér því um samræmingaratriði að ræða.

Ein leiðréttingin sem við förum fram á er að sú sanngjarna krafa „sömu laun fyrir sömu vinnu" verði virt og laun okkar færð til samræmis við laun þeirrar stéttar sem við vinnum við hliðina á, nákvæmlega sömu störfin.

Orsök þess að við virðum ekki tilskipanir um framlengingu uppsagnarfrests eru þær:

1. Tilskipun um framlengingu uppsagnarfrests hjá ríkinu kom ekki frá réttum aðila, þar sem framkvæmdastjóri ríkisspítalanna er ekki sá aðili sem hefur vald til að gefa út slíkar tilskipanir heldur hefur heilbrigðismálaráðherra einn slíkt vald og segir í lögum að því skuli aðeins beitt horfi til auðnar í starfsemi stofnunar (í þessu tilfelli er um að ræða röntgendeild Landspítalans).

2. Tilskipun um framlengingu uppsagnarfrests hjá Reykjavíkurborg kom þrem dögum of seint, auk þess sem óheimilt er aðfra lngja uppsagnarfrest lausráðinna starfsmanna Reykjavíkurborgar um þrjá mánuði. Flestir þeir röntgentæknar sem störfuðu á röntgendeild Borgarspítalans voru lausráðnir.

Röntgentæknar mótmæla harðlega því virðingarleysi og tillitsleysi gagnvart opinberum starfsmönnum sem lýsir sér í því að tilskipanir um framlengingu uppsagnarfrests hjá ríkinu koma fram tveim dögum áður en uppsagnarfrestur rennur út.

Röntgentæknar þeir sem störfuðu á röntgendeild Borgarspítalans tilkynntu 19. nóv. yfirlækni deildarinnar að þeir væru tilbúnir að sinna neyðarþjónustu og skipuleggja neyðarvaktir í samráði við yfirmenn deildarinnar yrði þess óskað. Sú þjónusta gæti þó aldrei orðið nein langtíma þjónusta.

Röntgentæknar sátu á fundi fram á föstudagskvöld 19. nóv. með fulltrúum BSRB og SFR til að reyna að finna lausn á málinu, en árangurslaust.

Verð-
lækkun



Við ljúkum 10 ára starfsafmælinu með því að lækka verð á 20 Fiat 127 bifreiðum.
Mest selda bílnum okkar.

Allt að 100 þús. kr. lækkun.

Bílarnir eru tilbúnir til afgreiðslu strax.

Einstakt tækifæri!

FIAT EINKAUMBOÐ Á ÍSLANDI
Davíð Sigurðsson hf.
SÍÐUMÚLA 35. SÍMAR 38845 — 38888